

# KIRKJUGARÐARÁÐ

## 106. fundur haldinn mánudaginn 10. júní 2013 í fundarsal Biskupsstofu.

---

**Mætt voru:** Smári Sigurðsson, Þórsteinn Ragnarsson, Valtýr Valtýsson, Guðmundur Rafn Sigurðsson, Sigurgeir Skúlason og Ragnhildur Benediktsdóttir sem ritaði fundargerð. Kristín Huld Sigurðardóttir boðaði forföll.

**Gestir fundarins:** Biskup Íslands, frú Agnes Sigurðardóttir, sr. Þorvaldur Víðisson biskupsritari og Haraldur L. Haraldsson hagfræðingur.

### 1. Setning fundar

Fundur settur kl. 13.00 og fundargerð síðasta fundar samþykkt.

### 2. Verk í vinnslu

Guðmundur Rafn og Sigurgeir gerðu grein fyrir nokkrum verkefnum sem unnið hefur verið að undanfarið. Framkvæmdir virðast víða vera að fara í gang. Nokkrar skemmdir urðu á girðingum og trjágróðri í kirkjugörðum á Norðurlandi í vetur vegna mikils snjópunga.

Guðmundur Rafn er að leggja af stað í eftirlitsferð um landið, m.a. til að skoða þessar skemmdir og funda með sóknarnefndum og sveitarstjórnnum vegna fyrirhugaðra lagfæringa, stækkunar og endurskipulagningar kirkjugarða eins og t.d. á Vopnafirði, Nesi í Aðaldal, Ljósavatni, Hofteigi, Sleðbrjót o.fl. stöðum.

Sigurgeir kvaðst vera að vinna að korti af görðum í samvinnu við Loftmyndir og hrinda í framkvæmd notkun á því.

### 3. Fjármál kirkjugarða - greining og tillögugerð

Haraldur kynnti skýrslu sína. Hann leggur m.a. til að Kirkjugarðaráð óski eftir því að ráðherra skipi nefnd til að fara yfir fjárveitingar til kirkjugarða og beri þær saman við raunverulegan kostnað við rekstur þeirra. Ákveðið var að skrifa ráðuneytinu og óska eftir skipan nefndarinnar.

Rætt var um fund sem verður í innanríkisráðuneytinu þriðjudaginn 11. júní kl. 13:00 að ósk Kirkjugarðaráðs, þar sem kynnt verður skýrsla Haraldar um fjármál kirkjugarðanna. Ákveðið var að ræða eingöngu um skýrsluna vegna stutts fundartíma og í tengslum við hana rætt um nauðsynlega endurskoðun á samningi milli ríkisins og Kirkjugarðaráðs.

### 4. Næsti fundur

Næsti fundur verður 26. Ágúst, en þá verður farið til Ísafjarðar, garðar þar og í nágrennabyggðum skoðaðir.

## 5. Önnur mál

Í tengslum við skýrslu Haraldar L. lagði Guðmundur Rafn fram yfirlit yfir þá 10 garða sem eiga 60 % af heildarinneignum kirkjugarða. Á þessu yfirliti eru taldar upp fyrirhugaðar framkvæmdir þessara garða og af þeim má ljóst vera að þessar inneignir munu varla duga fyrir þessum framkvæmdum.

Fundi slitið kl. 16:00.

---

Ragnildur Benediktsdóttir,  
formaður og fundarritari